

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 350/1998, um Orðabók Háskólans.

1. gr.

f.-liður 4. gr. reglugerðar nr. 350/1998, um Orðabók Háskólans fellur brott.
g.-liður sömu greinar reglugerðarinnar verður liður f.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, sbr. 65. gr. háskólareglugerðar, nr. 98/1993, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 25. september 1998.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

Nr. 592

5. október 1998

AUGLÝSING

um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Árskógshrepps, Dalvíkurkaupstaðar og Svarfaðardalshrepps.

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 193/1998, skal vera Dalvíkurbyggð.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 5. október 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 593

5. október 1998

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Árskógshrepps, Dalvíkurkaupstaðar og Svarfaðardalshrepps og fundarsköp bæjarstjórnar.

1. gr.

Í stað orðanna „sameinaðs sveitarfélags Árskógshrepps, Dalvíkurkaupstaðar og Svarfaðardalshrepps“ í heiti samþykktarinnar kemur: Dalvíkurbyggðar.